

Fundargerð 118. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 13. febrúar kl. 10:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til sérstaks vinnufundar á Hótel Natura Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Þórður Kristjánsson sérfræðingur og Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, sem stýrði fundi og ritaði jafnframt fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Umbótaáætlanir í sveitarfélögum í kjölfar bókungar 1 með kjarasamningi SNS og FG 2016 - 1701020SA

Með kjarasamningi SNS og FG sem undirritaður var 29. nóvember 2016 fylgdi bókun sem fól í sér að hverju sveitarfélagi var falið að fara yfir framkvæmd breytinga sem fyrri kjarasamningur fól í sér (vinnumatið) ásamt fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmiðið var að bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt um starfsumhverfið. Fulltrúar í fræðslumálanefnd fóru yfir hverju þessi vinna skilaði og hvernig unnið hefur verið að umbótum á grundvelli úttektarinnar. Ljóst er að vinnan skilað miklum og góðum afrakstri í þeim fimm sveitarfélögum sem eiga fulltrúa í fræðslumálanefnd. Töldu þeir að vinna við bókun 1 hefði leitt af sér þýðingarmikið samtal embættismanna stjórnáráðs, starfsfólks skóla og kjörinna fulltrúa sem mikilvægt væri að viðhalda. Markvisst hefði verið unnið að úrbótum og víða væri þeim lokið.

Fræðslumálanefnd telur ástæðu til að þessu vinnulagi verði viðhaldið með reglubundnum hætti í sveitarfélögum, þetta skili sér í aukinni starfsánægju meðal starfsfólks skóla og aukinni vitund kjörinna fulltrúa og fræðsluvalda um daglegt og faglegt skólastarf. Fram kom að traust í samskiptum væri algjört lykilorð og lægi til grundvallar góðum árangri.

2. Aðgerðir í menntamálum - aukin nýliðun kennara og leiðir til að sporna gegn brotthvarfi úr kennarastétt - 1609007SA

Menntamálaráðherra fékk afhentar tillögur starfshóps um leiðir til þess að auka nýliðun og sporna gegn brotthvarfi úr kennarastétt 7. febrúar sl. Skólamálafulltrúi og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði, fóru yfir megininntak tillagnanna, sem afhentar hafa verið menntamálaráðherra, og bíða opinberrar birtingar.

Fræðslumálanefnd lýsti yfir ánægju með framkomnar tillögur og vildi undirstrika að

útfærslu þeirra þyrfti að gaumgæfa mjög vel, aðstæður væru mismunandi í sveitarfélögum og allt kapp þyrfti að leggja á að þær næðu markmiðum sínum. Þá var bent á að ávinningur nema í grunnskólakennarafræðum á 5. námsári væri mun meiri en leikskólakennara vegna ólíks starfsumhverfis. Fram komu fyrirspurnir um aðkomu Lánasjóðs íslenskra námsmanna og upplýst var að þær tillögur væru unnar á vettvangi endurskoðunar laga um LÍN.

3. Frumvarp til laga er felur í sér eitt leyfisbréf til kennslu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi - 1806034SA

Unnið er að frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Megintilgangur þess verður að víkka út gildissvið leyfisbréfa þvert á skólastig. Sérhæfing í námi og starfsþróun ráði svo úrslitum er kemur að ráðningu í starf. Skólamálafulltrúi og Vigdís Häsler, lögfræðingur fóru yfir frumvarpsdrögin, greindu frá framgangi vinnu starfshópsins og næstu skrefum.

Fræðslumálanefnd lýsti ánægju með framkomnar hugmyndir að breyttum lögum, með áherslu á hæfni kennara og þá eiginleika sem prýða góðan kennara. Löngu væri tímabært að auka flæði kennara þvert á skólastigin eins og lögnum frá 2008 var ætlað að gera. Mikilvægt væri einnig að hafa hæfniviðmið aðalnámskránnar til hlíðsjónar þegar viðmið um hæfni kennara og sérhæfingu þeirra væru skrifuð inn í lög.

4. Kynning frá hag- og upplýsingasviði - 1802059SA

Sérfræðingar af hag- og upplýsingasviði komu inn á fund nefndarinnar og kynntu eftirfarandi:

Jóhannes Ágúst Jóhannesson kynnti myndræna framsetningu á rekstri skólans sem sviðið hefur unnið ötullega að. Allur samanburður milli sveitarfélaga, milli skóla, skólastiga og einstaka rekstrarliða hefur verið auðveldaður og til mikilla hagsbóta fyrir sveitarfélög. Sjá má frekari upplýsingar á slóðinni: <https://bit.ly/2Byy9R2>.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir kynnti endurskoðun á fylgiskjali með reglugerð nr. 1212/2015 sem m.a. felur í sér nánari skýringar og breytingar á bókhaldslyklum fyrir leik- og grunnskóla og frístundastarf. Nokkur umræða varð um hvernig skuli færa skyldi kostnað vegna samreksturs leik- og grunnskóla.

Ákveðið var að fresta umræðu um samrekstrarlíkan fyrir leik- og grunnskóla til næsta fundar.

5. Stefnumörkun sambandsins 2018-2022, endurspeglun í starfsáætlun og áherslur fræðslumálanefndar - 1803024SA

Guðjón Bragason, sviðsstjóri, fór yfir meginatriði stefnumörkunar sambandsins í fræðslumálum til 2022 og hugmyndir um forgangsröðun. Rætt var um þau verkefni sem þegar eru í vinnslu og önnur sem ekki er hafin vinna við. Rætt var m.a. um lagaumhverfi tónlistarskóla og þörf fyrir umræðu um aðkomu sveitarfélaga að rekstri framhaldsskóla.

6. Aukið samstarf milli félagsþjónustu- og fræðslumálanefndar - 1603022SA

Fresta þyrfti umræðu um þennan dagskrárlið en skólamálafulltrúi nefndi að áhugi

væri á því að félagsþjónustunefnd og fræðslumálanefnd hefðu með sér sameiginlegan fund fljótlega til að ræða samlegð verkefna nefndanna og mikilvægi samráðs þeirra í milli í ljósi aukinnar áherslu á þverfaglegt samstarf innan og milli kerfa og stjórnsýslustiga. Á þann fund yrði boðuð Erna Kristín Blöndal, verkefnisstjóri í málefnum barna í félagsmálaráðuneytinu.

7. Tillaga "Grábókarnefndar" um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn - 1801025SA

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur, fylgdi þessum dagskrárlið úr hlað. Tillagan gerir ráð fyrir að talmeinaþjónusta verði skilgreind sem hluti af skólaþjónustu í skilningi laga um leik- og grunnskóla. Skólaskrifstofum sveitarfélaga verði falin ábyrgð á að skipuleggja þjónustuna hver fyrir sig (eða í samstarfi sín á milli). Lögð verði áhersla á að nýta tæknilausnir og fjarþjónustu svo meðferð megi fara fram í nærumhverfi barns. Tillagan er talin geta tryggt betur en nú er að þjónustan sé samþætt og samfelld, auk þess sem mögulegt verði að nýta betur þá fjármuni sem opinberir aðilar veita til þjónustunnar.

Miklar umræður spunnust um tillögur grábókarnefndar og fram komu gagnlegar ábendingar. Nýta þyrfti vel fyrri reynslu af yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga og ítarlegt kostnaðarmat þyrfti að liggja til grundvallar. Þá þyrfti að meta raunhæft möguleika sveitarfélaga til þess að uppfylla þjónustubörf fyrir talmeinaþjónustu m.a. með tilliti til framboðs af talmeinafræðingum, námsmöguleikum við HÍ og ákvæða í lögum um heilbrigðisþjónustu, sem hamlað gætu framgangi tillagnanna.

Fundi var slitið kl. 15:00

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Margrét Halldórsdóttir

Skúli Þór Helgason